
Breyting á legu Meðallandsvegjar, Skaftárhreppi Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að færsla Meðallandsvegjar á 1,3 km kafla við Efri-Steinsmýri í Skaftárhreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun tekur undir með Minjastofnun Íslands um nauðsyn þess að merkja vörður við veglínuna og gera verktaka grein fyrir tilvist þeirra. Verði þess gætt er líklegt að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á menningarminjar.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skaftárhrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 5. maí 2014.



Skipulagsstofnun

INNGANGUR

Þann 21. febrúar 2014 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Skaftárhreppi um fyrirhugaða breytingu á legu Meðallandsvegur (204) í Skaftárhreppi til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skaftárhrepps, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Skaftárhreppi með bréfi dags. 4. mars 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 11. mars 2014 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 3. mars 2014. Frekari upplýsingar bárust frá Skaftárhreppi með tölvupósti dags. 13. og 17. mars 2014.

FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð Skaftárhrepps kemur fram að fyrirhuguð sé að flytja Meðallandsveg á 1,3 km kafla á móts við Efri-Steinsmýri. Flutningurinn verði til vesturs á móts við bæinn og verði mestur um 270 m frá núverandi vegi. Flutningurinn sé að beiðni eigenda Efri-Steinsmýrar og sé ráðgert að ráðast í framkvæmdirnar samhliða endurgerð Meðallandsvegur. Gert sé ráð fyrir að 15.000 m³ af efni verði tekið úr Eldvatnsgryfju í tengslum við uppbyggingu Meðallandsvegur. Náman sé á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að auka öryggi vegfarenda um Meðallandsveg og koma veginum frá húsum á Efri-Steinsmýri. Núverandi lega vegarins sé mjög nálægt íbúðar- og útihúsum á Efri-Steinsmýri þar sem hús séu beggja megin við veginn. Vegurinn liggja því í raun í gegnum bæjarhlað Efri-Steinsmýrar með tilheyrandi hættu og óþægindum fyrir íbúa af völdum ryks og hávaða.

Áhrif á náttúrufar. Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé í Meðallandshrauni sem myndaðist við Eldgjárgos árið 934. Friðlýst svæði, Steinsmýrarflóð, sé suður af framkvæmdasvæðinu, sem sé votlendi frá jaðri Eldhrauns norður og austur að söndum og suður að Eldvatni. Framkvæmdasvæðið nær ekki inn á hið friðlýsta svæði en í kjölfar framkvæmda færast vegurinn lítið eitt fjær því. Framkvæmdasvæðið einkennist af hraungrjóti og foksandi. Einhver áhrif verði á gróður, en um afar hrjóstrugt svæði sé að ræða. Áhrif á fuglalíf eru talin hverfandi. Helstu þættir sem verði fyrir áhrifum séu hraunmyndanir á þessum 1,3 km kafla þar sem vegurinn fari yfir ósnert hraun og sand.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að Minjavörður Suðurlands hafi farið í fornleifaúttekt á svæðinu. Þar hafi komið fram að vörður séu á svæðinu sem beri að vernda. Um sé að ræða vörður sem vísa hafa átt veginn yfir hraunið í stefnu að Skál. Engin ástæða sé til að eyðileggja samgöngumannvirki þessi og verði því veglínunni hnikað til eins og kostur er til að vernda téðar vörður eftir fremsta megni.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að ekki þurfi að breyta Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 þar sem færsla Meðallandsvegur sé óveruleg og áhrif hennar hverfandi í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Skaftárhrepps, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á landslag. Umhverfisstofnun bendir á að til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á hraun eigi að leitast við að raska ekki hraunhólum sem næstir séu fyrirhuguðu vegstæði. Í þessu skini verði látið ógert að taka skeringar í hraunhóla.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að leitast verði við að raska ekki hraunhólum við vegstæði og því verði skeringar ekki teknar í hraunhóla. En umferðaröryggi ráði mestu um svæði næst vegi, þ.e.a.s. 6 m frá akbrautarbrún þurfi að vera slétt svæði þar sem ökutæki geti farið um án þess að

lenda á fyrirstöðu. Svæðið sé jafnframt hugsað til að ökutæki geti oltið út af veginum án þess að lenda á stórgrýti með tilheyrandi slyshættu.

Áhrif á menningarminjar. Minjastofnun Íslands tekur undir álit minjavarðar Suðurlands um að vernda beri vörður í og við fyrirhugað vegstæði og fagnar því sjónarmiði sem fram kemur í skýrslu Skaftárhrepps að veglínunni skuli hnika til að forðast rask á fornleifum. Stofnunin telur að merkja þurfi vörðurnar á svæðinu á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum standi til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að búið sé að leggja fram nýja veglínu sem liggja framhjá þeim vörðum sem Minjavörður Suðurlands hnitsetti á svæðinu. Vegagerðin muni jafnframt merkja þær vörður sem séu á svæðinu til að koma í veg fyrir rask á framkvæmdatíma. Verktaka verði jafnframt gerð grein fyrir vörðunum og verndun þeirra.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða færslu Meðallandsvegur á 1,3 km kafla við Efri Steinsmýri í Skaftárhreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á náttúrufar verði óveruleg. Þó svo að framkvæmdin liggja um eldhraun sem fellur undir 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 þá er hraunið mjög sandorpið og tekur Skipulagsstofnun undir með Umhverfisstofnun um að verndargildi hraunsins sé mun minna fyrir vikið. Á framkvæmdasvæðinu er gróður mjög strjáll og lítið um fugla og því verða áhrif á gróður og fugla hverfandi.

Skipulagsstofnun tekur undir með Minjastofnun Íslands um nauðsyn þess að merkja vörður við veglínuna og gera verktaka grein fyrir tilvist þeirra. Verði þess gætt er líklegt að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á menningarminjar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Skaftárhrepps við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Skaftárhrepps vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð færsla Meðallandsvegur í Skaftárhreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningu hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skaftárhrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 5. maí 2014.